



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 550

# Samtök rafverktaka

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) / [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

## *Einkaskjalasafn nr. 550*

# Samtök rafverktaka



SART eru samtök fyrirtækja í rafiðnaði. Stærsti hluti félagsmanna eru rafverktakar og rafeindaverktakar, rafvirkjameistarar og rafeindavirkjameistarar sem reka sín eigin fyrirtæki, eru með rafiðnaðarmenn í vinnu og bera faglega ábyrgð á öllum verkefnum fyrirtækisins. Stefna samtakanna er að veita félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og fyrirgreiðslu um hvað eina er snýr að atvinnurekstri og að vera málsvari þeirra gagnvart almenningi og opinberum aðilum.

Kjörorð samtakanna eru: Öryggi, fagmennska.

Helstu verkefni eru:

Að vinna að aukinni arðsemi fyrirtækja í rafiðnaði

Að annast kjaramál, þar með talið gerð kjarasamninga í samstarfi við Samtök atvinnulífsins

Að standa vörð um réttindi og löggildingu rafiðnaðarmanna

Að tryggja þekkingu og færni í greininni með aukinni menntun

Að kynna merki samtakanna sem tákn fyrir gæði, öryggi og fagmennsku í rafiðnaði

SART eru aðilar að SI Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins SA, **sem hafa það** að megin markmiði að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð.

Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins í landinu.

Rafiðnaðarskólinn

SART og RSÍ eiga og reka Rafiðnaðarskólann sem er öflug stofnun á sviði starfs-, endur- og símenntunar. Aðild að SART opnar því fyrirtækjunum aukna möguleika í menntunar- málum starfsmanna og stjórnenda.

SART og Norrænt samstarf

Íslenskir rafverktakar eru í góðu samstarfi við samtök rafverktaka á Norðurlöndunum. Þá á SART aðild að NEUK, sem er samstarfsnefnd norrænna rafvirkja og rafverktaka um eftirmenntun og almenna menntun í greininni. Þessi samvinna hefur nú skipað norrænum rafiðnaðarmönnum í fremstu röð á sínu sviði.

LÍR Landsamband íslenskra rafverktaka

Á 60 ára afmæli Félags íslenskra rafvirkja (F.Í.R.) var ákveðið að safna saman upplýsingum til útgáfu Rafvirkjatala. Í ritnefnd voru valdir Guðmundur Gunnarsson og Svavar Guðbrandsson. Fljótlega eftir að vinna ritnefndar hófst kom í ljós að Gissur Pálsson, starfsmaður, hafði safnað saman miklum upplýsingum um rafverktaka, fyrst á vegum Félags löggiltra rafverktaka (FLRR) og síðar á vegum (LÍR). Gögn Gissurar nýttust í talið og það varð að samkomulagi að fella þau í það.

(Heimild <http://rafis.is/fir/um-fir/saga>)

*Afhending:* Ásbjörn Jóhannesson afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Samtaka rafverktaka SART, 15. janúar 2015 og 11. febrúar 2016.

*Tími:* 1927-2004

*Innihald:* Fundargerðabækur, bréf, samskipti við félagsmenn, fyrirtæki stofnanir og samtök innanlands og utan.

Í skjalasafninu eru bæði frumrit og afrit.

## Skjalaskrá

### *Flokkur A Fundargerðir*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

#### **Askja A-1**

*Fundargerðir 1927-1962.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Fundargerðabók I, Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR. Stofnfundur, stjórnar- og félagsfundir 29. mars 1927 til 19. febrúar 1949.

Fundargerðabók II, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal og félagsfundir, 15. mars 1949 til 27. október 1959. Aftast í bókinni er bréf frá Eggert Claessen til Jóns Ormssonar, 14. ágúst 1936 og afrit af tillögum um lagabreytingar, án árs.

Fundargerðabók III, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 12. janúar 1960 til 9. maí 1962.

#### **Askja A-2**

*Fundargerðir 1962-1973.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Fundargerðabók IV, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 10. maí 1962 til 28. nóvember 1966.

Fundargerðabók V, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 12. desember 1966 til 24. apríl 1972. Aftast í bókinni er blað með upplýsingum um hvar eldri fundargerðabækur eru geymdar og aftan á því er nafnalisti. Einnig er blað til skuldbindingar um að viðkomandi hlíti lögum Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, ein undirskrift er á blaðinu.

Fundargerðabók VI, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 3. maí 1972 til 19. nóvember 1973. Fremst í bókinni er afrit af bréfi til verðlagsstjóra frá Árna Brynjólfssyni, 21. janúar 1972.

#### **Askja A-3**

*Fundargerðir 1974-1988.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Fundargerðabók VII, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 14. janúar 1974 til 12. maí 1978.

Fundargerðabók VIII, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 31. maí 1978 til 25. október 1988.

#### **Askja A-4**

*Fundargerðir 1965-2009.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR og Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR.*

Fundargerðabók Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 5. janúar 1989 til 26. febrúar 2009.

Fundargerðabók stjórna Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR og Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR, 24. apríl 1965 til 11. mars 1972.

Fundargerðabók sameiginlegra stjórnarfunda Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR og Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR, 10. maí 1972 til 27. ágúst 1991.

Fundargerðabók Viðmiðunarnefndar og stjórnar FLRR, 25 mars 1970 til 7. nóvember 1974. Fremst í bókinni er afrit af reglum um tilboð í rafverk samþykktar á félagsfundi FLRR, 4. mars 1970.

### **Askja A-5**

*Fundargerðir 1949-1982.*

*Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR.*

Fundargerðabók I, Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 31. mars 1949 til 23. september 1969.

Fundargerðabók II, Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 25. september 1969 til 7. október 1976.

Fundargerðabók III, Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 7. maí 1976 til 23 mars 1982.

### **Askja A-6**

*Fundargerðir 1982-1997.*

*Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR.*

Fundargerðabók IV, Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 30. apríl 1982 til 7. nóvember 1987.

Fundargerðabók Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 6. nóvember 1987 til 23. mars 1996.

Fundargerðabók Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Fyrir aðra fundi en stjórnarfundi, 25. október 1994 til 26. nóvember 1997.

### **Askja A-7**

*Fundargerðir 1996-2002.*

*Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR.*

Fundargerðabók Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR. Stjórnar- aðal- og félagsfundir, 3. janúar 1996 til 10. ágúst 1999 og Samtaka rafverktaka SART, 6. september 1999 til 12. september 2002.

Fundargerðabók Sambandsstjórnar Landsambands íslenskra rafverktaka LÍR, 5. desember 1998 til 15. júní 1999.

### **Askja A-8**

*Fundargerðir 1944-2005.*

*Ýmsar fundargerðabækur.*

Fundargerðabók. Innkaupsamband rafvirkja, stofnfundur, stofnsamningur, samþykktir fyrir hlutafélagið, stjórnarfundir og hluthafafundir, 9. janúar 1944 til 28. janúar 1953. Aftast í bókinni eru listar yfir eigendur hlutabréfa í Innkaupasambandinu. Fremst í bókinni er fundarboð Innkaupasambands rafvirkja hf., 12. janúar 1954.

Fundargerðabók. Stofnun og slit hlutverkafélags til að annast tryggingar allskonar rafmagnstækja o.fl., 14. febrúar 1952 til 23. mars 1956. Aftan við fundargerðirnar er umboð til Jóns Magnússonar frá Jóhanni, 15. mars 1956.

Reikningar Menntunarsjóðs LÍR, 31. desember 1969 til 1. janúar 1982. Fremst í bókinni eru yfirlit frá 1981-1982 og 1975.

Gjörðabók Menntunarsjóðs LÍR, fræðslunefnd, 6. maí 1970 til 28. október 1983. Fremst í bókinni er afrit af bréfi til stjórnar Söluumboðs LÍR frá Siguroddi Magnússyni, 17. október 1974 og afrit af samþykkt frá aðalfundi 7. október 1977.

Fundargerðabók. Rafverktakafélag á Austurlandi (FRA Félag rafverktaka á Austfjörðum). Stofnfundur, aðal- og félagsfundir, 18. september 1971 til 18. nóvember 2005.

### **Askja A-9**

*Fundargerðir 1973-2004.  
Ýmsar fundargerðabækur.*

Fundargerðabók. Stjórn eftirlits á vinnustöðum, 9. janúar og 11. september 1973.

Fundargerðabók. Stjórn Söluumboðs LÍR og skrifstofu, 5. febrúar 1973 til 14. mars 1980.

Fundargerðabók. Meistarafélag rafeindavirkja MÚ, aðalfundir og félagsfundir, 15. nóvember 1973 til 9. ágúst 1999. Félag rafeinda- og tölvufyrirtækja FRT, aðalfundir 13. apríl 2000 til 24. apríl 2002. Aftast í bókinni er ársreikningur Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði frá 2003 og skýrsla stjórnar Samtaka rafverktaka SART, 2003-2004.

Fundargerðabók. Stjórnarfundir og aðalfundir, Meistarafélags útvarpsvirkja MÚ og Meistarafélags rafeindavirkja og Félags rafeinda- og tölvufyrirtækja FRT, 15. nóvember 1979 til 9. apríl 2003. Aftast í bókinni er fundargerð án árs og ársreikningur Félags rafeinda- og tölvufyrirtækja, 2002.

### **Askja A-10**

*Fundargerðir 1994-2011.  
Ýmsar fundargerðabækur.*

Fundargerðabók. Stjórnar- eða vinnufundir, 27. október 1994 til 19. ágúst 1996.

Fundargerðabók. Félag löggiltra rafverktaka FLR, stjórnarfundir, 26. mars 2004 til 14. desember 2011.

Flokkur B Bréfa- og málafn  
FLRR, LÍR, SART.

### **Askja B-1**

*Bréfa- og málafn 1925-1994.  
Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR, Félag löggiltra rafvirkja FLRA og Félag rafverktaka á Norðurlandi FRN.*

Mappa

Afrit af bréfum hinna löggiltu rafmagnsvirkja í Reykjavík um ýmsar fyrirskipanir viðvíkjandi rafmagnslögnum með meiru, frá 5. október 1925 til 6. nóvember 1946.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1927-1931.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1932.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1933.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1934.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1935.

Örk 1

FLRR. Bréf, launagreiðslur, samningur milli Félags löggiltra rafvirkja í Reykjavík og Rafvirkjafélags Reykjavíkur 1935, nafnalistar, árgjöld o.fl., tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1935-1950.

Örk 2

FLRA og FRN. Stofnun Félags löggiltra rafvirkja FLRA, 27. nóvember 1949 og Félags rafverktaka á Norðurlandi FRN, 31. október 1971. Stjórnar- aðal- og félagafundargerðir, 27. nóvember 1949 til 26.

apríl 1994, afrit. 1949-1994.

## **Askja B-2**

*Bréfa- og málasafn 1950-1962- 1950-1973*  
*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1950-1963.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1951.

Umslag

FLRR. Bréf, nafnalistar, vinnudeilur, dómsmál, minnisblöð, útstandandi skuldir o.fl., 1951-1953.

Örk 1

FLRR. Bréf, fundir, ályktanir, tillögur um kennslu, lög LÍR, skipan í prófnefndir, dómsmál, áætlun vegna raflagnar, árgjöld, reikningar, teikningar af raflögn við Breiðagerði o.fl., 1953-1973.

Umslag

FLRR. Bréf, samningar, lög Ljóstæknifélagsins og dagskrá stofnfundar, atkvæðaskrá, útboðslýsing í raðhús við Bústaðarveg, teikningar o.fl., 1954.

Umslag

FLRR. Bréf og önnur plögg, ýmislegt tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, samningar o.fl., 1955.

Mappa 1956-1962

FLRR. Bréf, samningar, skýrslur, skrá yfir leyfisbréf til rafvirkjastarfa 1956, samþykktir, nafnaskrár, samstarfsfundur í Esbjerg 1958, vörusýningar, bæklingar o.fl., 1956-1962.

Ráðstefna norrænnu iðnrekendasamtakanna 1960. Blaðaúrklippa- hópmynd frá Akureyri á fyrsta aðalfundi rafvirkjameistara utan Reykjavíkur. Sex ljósmyndir af loftljósum. Umslag með úrklippu frá komu Bech Larsen til Íslands og tvær ljósmyndir frá sýningu Nordisk Elektricitets Selskab líklega 1957.

## **Askja B-3**

*Bréfa- og málasafn 1957-1967.*  
*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Umslag A

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, aðalfundur, 1957.

Umslag B

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, aðalfundur, 1957.

Umslag C

FLRR. Bréf og önnur plögg, ýmislegt tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, skýrslur framkvæmdastjóra á aðalfundi, 1957.

Umslag D

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, Ljóstæknifélagi, Múrarafélagi o.fl., 1957.

Umslag E

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík og Vinnuveitendasambandi Íslands með öðru, 1957.

Umslag F

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1957.

Umslag  
FLRR. Söluskattsmálið 1957 ('59).

Umslag A  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1957-1958.

Umslag B  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1957-1958.

Umslag C  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1958.

Umslag D  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1958.

Umslag E  
FLRR. Bréf og önnur plögg og ýmislegt tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1958.

Umslag F  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1958.

Örk 1  
FLRR. Bréf, fundir, skýrslur stjórnar, lög, nafnalistar, atkvæðalistar, skuldalistar, uppgjör o.fl., 1958-1967.

#### **Askja B-4**

*Bréfa- og málasafn 1959-1971.  
Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Umslag A  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1959.

Umslag B  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1959.

Umslag C  
FLRR. Teikniverkefni rafvirkja 4. bekkur, 1959.

Umslag D  
FLRR. Útboðsgögn og uppdrættir að raflögn, hringingarlögn, símalögn og lögn fyrir kallkerfi og útvarpskerfi í Gagnfræðaskólann við Gnoðarvog og barnaskóla við Laugalæk, 1959.

Umslag  
FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi aðalfundi í Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1960.

Umslag  
FLRR. Útboðslýsing og uppdrættir vegna raflagna fyrir Gagnfræðaskólann v/ Réttarholtsveg, 1960.

Umslag  
FLRR. Fylgiskjal nr. 3, raflögn og símalögn í viðbyggingu við Hrafnistu í Laugarási í Reykjavík, 1960

Örk 1  
FLRR. Bréf, fundir og fylgigögn, 1960-1963.

Örk 2  
FLRR. Bréf, fundir, reglur um félagsmerki, árshátíðir o.fl., 1960-1968.

Örk 3  
FLRR. Skemmtinefnd: Árshátíðir, bréf, fundargerðir, gestalistar, minnisblöð, matseðill, auglýsingar, uppgjör, reikningar o.fl., 1960-1971.



Listar yfir meistara og próftakara í vor- og sveinsprófum 1962-1964.  
Ljósmyndir: Hópmýnd, líklega tekin á árhátíð 1964 af meisturum og af nýútskrifuðum rafvirkjum,  
4 myndir. Ólafur Jensen er 4 frá vinstri í neðri röð.

### **Askja B-5**

*Bréfa- og málasafn 1962-1968.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 1962.

Umslag

FLRR. Bréf, aðalfundur, fundir, nafnalistar, tillögur, samningar, minnisblöð, reglur, o.fl., 1962-1963.

Örk 2

FLRR. Bréf o.fl. með fundargerðum, húsaleigusamningur um húseignina númer 4 við Tjarnargötu og uppsögn hans 1962 o.fl., 1962-1968.

Örk 3

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með stjórnar- fundargerðabókum, 1964-1965.

### **Askja B-6**

*Bréfa- og málasafn 1966-1969.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Mappa

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með stjórnar- fundargerðabókum, 1966.

Örk 1

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með stjórnar- fundargerðabókum, 1967-1968.

Örk 2

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með stjórnar- fundargerðabókum, 1967-1969.

### **Askja B-7**

*Bréfa- og málasafn 1969-1974.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Bréf og fylgiskjöl, málum, fundir, félagatöl, mætingalistar, skýrslur, greinargerðir, samningar, húsnæðismál, erlendar ráðstefnur o.fl., 1. janúar 1969 til 31. desember 1970.

Mappa

FLRR. Reglur um tilboð í rafverk samþykkt á félagsfundum FLRR, 4. mars 1970 til 3. apríl 1974.

Örk 2

FLRR. Bréf og fylgiskjöl fundargerða, fundir, ákvæðisvinnunefnd, samningar, nám, útboð, dómsmál o.fl., 1. janúar til 31. desember 1971.

### **Askja B-8**

*Bréfa- og málasafn 1971-1979.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Bréf, fundur með raflagnaheildsölum, kauptaxtar, efnisáætlun í hús ABCD á Blönduósi, efnisáætlun í 2. áfanga Bændaskólans á Hvanneyri og teikningar 1971, efni og útseld vinna, 1971-1975, kjarasamningar, samningar milli Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar o.fl., 1971 og 1979.

Örk 2

FLRR. Bréf og fylgiskjöl funargerða, fundir, skipulag LÍR, viðbygging við Sjómannaskólann, mætingar á fundi, samningar, kaup og kjör, félaga- og atkvæðaskrá, dómsmál o.fl., 1. janúar til 31. ágúst 1972.

**Askja B-9**

*Bréfa- og málasafn 1972-1979.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Bréf og fylgiskjöl fundargerða, fundir, skýrslur, ályktanir, dómsmál, kaup og kjör o.fl., 1. september 1972 til 31. desember 1973.

Mappa

FLRR og Rafveita Hafnarfjarðar. Bréf inn og út vegna útboða, löggildingar o.fl., 1973-1974.

Örk 2

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðum, skýrslur, nafnalistar, lög og reglugerðir o.fl., 1973-1979.

**Askja B-10**

*Bréfa- og málasafn 1974-1987.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðum, nafnalistar, samningar, ályktanir, skýrslur, atkvæðaskrár, rekstrarreikningar o.fl., 1974-1979.

Örk 2

FLRR. Bréf, fundir og fundargögn, nafnalistar o.fl., 1974-1987.

Mappa

FLRR. Bréf, fundarboð, námskeið, kostnaðaryfirlit o.fl., 1975-1977.

Mappa

FLRR. Ýmis bréf og fylgiskjöl fundargerða, 1975-1977.

**Askja B-11**

*Bréfa- og málasafn 1976-1988.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Mappa

FLRR. Endurskoðun laga o.fl., 1976.

Örk 1

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðum, dómsmál, skýrslur, nafnalistar, lagabreytingar, menntunarmál o.fl., 1980-1988.

Örk 2

FLRR. Bréf, fundir, árshátíð, uppgjör o.fl., 1983-1984.

**Askja B-12**

*Bréfa- og málasafn 1988-1991.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1 1988-1990

FLRR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðum, norrænt samstarf- ráðstefnur, skýrslur, reglugerðir, eignaskiptasamningur Skipholt 29a 1990, fyrirtækjalistar, launamál, eignaskiptasamningur vegna austurhluta Skipholts 29 árið 1990, námsmál, nafnalistar, dómsmál, 1. janúar 1988 til 31. maí 1990.

Örk 2

FLRR. Stjórnarfundir, bréf, tillögur, ljósrit úr bæklingum o.fl., 23. mars 1991 til 15. ágúst 1991.

### **Askja B-13**

*Bréfa- og málasafn 1991-1992.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Stjórnarfundir, bréf, dagskrár, fundargerðir, frumvörp, orðsendingar o.fl., 6. september 1991 til 28. október 1992.

### **Askja B-14**

*Bréfa- og málasafn 1992-1997.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR.*

Örk 1

FLRR. Stjórnarfundir, bréf, dagskrár, fundargerðir, ljósrit úr bæklingum, ársreikningar o.fl., 1992-1997.

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR og Landsamband Íslenskra rafverktaka LÍR.*

### **Askja B-15**

*Bréfa- og málasafn 1951-1988.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR og Landsamband Íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1 1951-1963

FLRR og LÍR. Löggildingarskilyrði rafmagnsvirkja, bréf, lög FLRR 1957, reglugerðir, bæklingar, jólakort o.fl., 1951-1960.

Leigusamningur Sumarheimilis templara og hreppsnefndar Landmannahrepps, uppkast og afrit, án árs.

Iðnaðarbanki Íslands h.f., aðalfundur samþykkir heimild fyrir aukningu á hlutafélagi bankans, júlí 1963.

Umslag

FLRR og LÍR. Lagabreytingar LÍR og FLRR, 1962-1964.

Örk 2

FLRR og LÍR. Bréf, samningar, erindi, námsskeið, Vinnuveitendasamband o.fl., 1962-1969.

Örk 3 1965-1966

FLRR og LÍR. Vinnustaðaskoðun: Ísland, Skotland, Danmörk, Finnland, Svíþjóð, Noregur 1965, afrit og löggilding vegna raflagna í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Skotlandi og á Íslandi, 1966.

Örk 4

FLRR og LÍR. Fundargerðir, 1965-1972.

Örk 5 1965-1988

FLRR og LÍR. Ákvæðisgrundvöllur Rafiðna 1965-1970, september 1980 með athugasemdum og apríl 1988.

### **Askja B-16**

*Bréfa- og málasafn 1957-1994.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR og Landsamband Íslenskra rafverktaka LÍR.*

Umslag

FLRR og LÍR. Samningar við verksmiðjur, verslanir o.fl., 1957-1962.

Mappa

FLRR og LÍR. Tryggingasjóður rafverktaka, bréf, greinargerðir, samningar, nafnalistar yfir starfandi verktaka o.fl., 1959-1994.

Örk 1

FLRR og LÍR. Samningar, yfirlýsingar, samkomulög o.fl., 1961-1969.

Örk 2

FLRR og LÍR. Hólatorg 2. Kauptilboð, eignaskiptasamningur, fundargerðir, hlutabréf, afsal, veðskuldabréf, kaupsamningur, yfirlýsing o.fl., 1963-1987.

Örk 3

FLRR og LÍR. Ýmis skjöl. Bréf, fundir, greinargerðir, samningar, tilboð, samningur um framsal á samningi um byggingu vistheimilis að Vífilstöðum, o.fl., 1973.

Umslag

FLRR og LÍR. Póstkort og jólakort, 1979-1985.

**Askja B-17**

*Bréfa- og málasafn 1986-1997.*

*Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík FLRR og Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Umslag

FLRR og LÍR. Kaupsamningur (þinglýsing) vegna Skipholts 29a, frumrit, 1986.

Umslag

FLRR og LÍR. Afsal og yfirlýsing vegna 30% af Skipholti 29a, frumrit, 29. júní 1990.

Umslag

FLRR og LÍR. Eignaskiptasamningur vegna Skipholts 29a, frumrit, 1990.

Örk 1

FLRR og LÍR. Skipholt 29a, veðbókarvottorð, veðbandslausnir, víxlar, húsaleigusamningur, veðskuldabréf, uppsögn á leigusamningi Lundar, verksamningur um þrif, hlutabréf o.fl., 1993-1997.

Örk

FLRR og LÍR. Bréf, fundir, nafnalistar, reglugerðir, tillögur, Söluumboð, NEPU fundir og erlent samstarf, útboð Borgarholt II o.fl., 1990-1991.

Örk

FLRR og LÍR. Ákvæðisvinnunefnd, bréf o.fl., 1992-1993.

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR*

**Askja B-18**

*Bréfa- og málasafn 1962-1997.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðum, ályktanir, nafnalistar, lög, tillögur, norrænt samstarf o.fl., frá 1962 til 31. desember 1970.

Örk 2

Saga LÍR 1967-1997.

LÍR 40 ára, yfirlit yfir söguna, án árs.

Viðtal við Jón Sveinsson 12. janúar 1995, ferill, ljósrit úr blöðum o.fl.

*Rafverktakinn*, LÍR 20 ára 1969 og *Rafvirkjameistarinn*, FLRR 40 ára 1967.

Viðtal við Gísla Jóhann Sigurðsson 24. janúar 1995, úr æviskrám, ljósrit úr blöðum o.fl.

Viðtal við Sigurodd Magnússon 15. apríl 1996.

Viðtal við Svavar Kristjánsson 27. júlí 1995.

Viðtal við Þorlák Jón Jónsson 20. febrúar 1995, bréf og æviágrip.

Viðtal við Guðjón Pálsson 22. febrúar 1997.

Viðtal við Tryggva Árnason 9. janúar 1997.

Viðtal við Tryggva Þór Jónsson 11. maí 1997.

Viðtal við Ármann Jóhannsson án árs.

Ljósrit af minningargreinum um Aðalstein Tryggvason, í *Morgunblaðinu*, 25. júní og 27. júní 1995.

Uppkast að minningargrein um Gissur Pálsson eftir Ingólf Árnason.  
Afrít af bréfi til Svavars Kristjánssonar 8. nóvember 1993.  
Ljósrit af viðtali við Andrés Elíasson í DV 9. september 1996.  
Ljósrit af viðtali við Ingólf Bárðarson í DV 9. september 1996. Óútfylltur spurningalisti vegna viðtala.  
Ljósrit af afmælisgrein um Guðna Helgason, án árs.  
*Könnun á tækjanotkun í prentiðnaði*, óútfyllt form fengið hjá Jóni Böðvarssyni hjá Iðnsögu Íslands, 21. september 1994.  
Viðtal við Björgvin Daniélsson 15. júlí 1988.  
*Hugmyndir að riti um prentlist á Íslandi*, 2. janúar 1989.  
Viðtal við Eyjólf Jónsson 6. júlí 1988.

Auglýsing frá Löggiltum rafverktökum.  
*Samþykktir LÍR um samskipti félagsmanna*, án árs.

### **Askja B-19**

*Bréfa- og málasafn 1967-1997.*  
*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

#### Örk 1

Saga LÍR 1967-1997.  
*Rafvirkjameistarinn*. Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR 40 ára, sagan, 1967.  
*Rafverktakinn*. Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR 20 ára, sagan, 1969.  
*Rafverktakinn*. Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR, *Stíklur á 50 ára slóð*, 1977.  
Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR 60 ára, bréf, árshátíð, nafnalisti, fréttabréf o.fl., 1987.  
Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR 40 ára, sagan, 1989.  
*LÍR fréttir*. Fréttabréf 1989-1997.  
Aðalfundir, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR, fundargerðir, dagskrár o.fl., 1989-1990.  
Aðalfundir Félags löggiltra rafverktaka FLR, fundargerðir, dagskrár o.fl., 1992, 1995 og 1996.  
Aðalfundir Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík FLRR, fundargerðir, dagskrár o.fl., 1993 og 1994.  
Félag löggiltra rafverktaka FLR 70 ára, sagan, 1997.  
*LÍR fréttir*, 5. tbl. 1997, disketta.

#### Örk 2

LÍR. Bréf, fundargerðir, nafnalistar, lög um iðju og iðnað, greinargerðir og tillögur, pantanir o.fl., 1970-1983.

#### Mappa

LÍR. Tryggingasjóður, bréf, samþykktir, samningur o.fl., 1975 og 1988.

#### Örk 3

LÍR. Kaupsamningur við Microtölvan sf. 1983, verksamningur við Bása hf. 1986 og teikningar.

### **Askja B-20**

*Bréfa- og málasafn 1970-1990.*  
*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

#### Örk 1

LÍR. Kaup og kjör, lífeyrissjóður, taxtar, tillögur, fréttabréf o.fl., 1970-1990.

#### Örk 2

LÍR. Bréf og fylgiskjöl. Fundir, lög, hugmyndir að skipuriti LÍR, félagaskrár, greinargerðir, ráðstefnur, nafnalistar o.fl., 1. janúar 1971 til 21. september 1972.

### **Askja B-21**

*Bréfa- og málasafn 1971-1986.*  
*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

#### Örk 1

LÍR. Bréf, reglugerðir, dómsmál, rekstrarkostnaður o.fl., 1971-1986.

Örk 2

LÍR. Bréf og önnur plögg tilheyrandi LÍR. Fundir, nafnalistar, lög, skýrslur, tryggingar, útboð, útreikningur fyrir Þinghólsskóla, blaðaúrklippur o.fl., 2. október 1972 til 7. október 1974.

Mappa

LÍR. Umsóknir um rafverktakaleyfi, 1973-1975.

**Askja B-22**

*Bréfa- og málasafn 1974-1977.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

LÍR. Tilboð í verkamannabústaði, 1974-1975.

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabókum, fundir, nafnalistar, skýrslur, erlent samstarf, auglýsingar, tilkynningar o.fl., 1974 til og með 1976.

Örk 2

LÍR. Bréf, fundir, greinargerð stjórnar, skrá yfir stjórnir lífeyrissjóða, listi yfir rafverktaka, Samband íslenskra rafveitna, iðnfræðsla, drög að stafslýsingu fyrir fræðslu- og tengsladeild, húsveitur, lagabreytingar, nafnalisti yfir fjölda slysatryggða, orðsendingar til félaga, o.fl., 1974-1977. Lög Félags rafverktaka á Norðurlandi, Austurlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi.

**Askja B-23**

*Bréfa- og málasafn 1975-1993.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf, fundir, launamál o.fl., 1975-1987.

Örk 2

LÍR. Tryggingasjóður rafverktaka, 1975-1993.

Mappa

LÍR. Bréf og upplýsingar um *Norsk Yrkesleksikon*, 1976.

Mappa

LÍR. Samningur milli Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Tryggingasjóðs Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, 1976-1981.

**Askja B-24**

*Bréfa- og málasafn 1977-1978.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

LÍR. Verðlagsstjóri gegn Landsambandi íslenskra rafverktaka. Greinargerð Helga V. Jónssonar hrl. til Verðlagsdóms, 1977.

Mappa

LÍR. Greinargerð LÍR til Helga V. Jónssonar hrl. vegna greinargerðar til Verðlagsdóms o.fl., 1977-1978.

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundagerðum, fundir, nafnalistar, dómsmál, samningar, skýrslur, ráðningarsamningur, rekstrar- og efnahagsreikningur o.fl., 1977 og 1978.

**Askja B-25**

*Bréfa- og málasafn 1978-1991.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

LÍR. Elektroinstallatørernes Landsforbund. Bréf, fundir, ráðstefnur o.fl., 1978-1987.

Örk 1

LÍR. Launaútreikningur og útseld vinna, 1978-1980 og 1982-1991.

### **Askja B-26**

*Bréfa- og málasafn 1979-1986.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabók, fundir, nafnalistar, dómsmál, samningar, o.fl., 1979 og 1980.

Örk 2

Ýmis dómsmál, 1979-1986.

### **Askja B-27**

*Bréfa- og málasafn 1980-1989.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabók, nafnalistar, samþykktir, ráðstefna um lífeyrismál, taxtar, efnahagsreikningar, teikningar o.fl., 1980-1989.

Mappa

LÍR. Hagstofan VI. Skýrslur til Hagstofu frá Landsambandi íslenskra rafverktaka, 1980-1982.

Örk 2

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabók, fundir, nafnalistar, samningar, ályktanir, nám, dómsmál o.fl., 1981 og 1982.

### **Askja B-28**

*Bréfa- og málasafn 1983-1985.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabók, fundir, nám, útboð, glæra með merkinu *Löggiltur rafverktaki*, skýrslur, samningar, norræn samstarf, o.fl., 1. janúar 1983 til 31. desember 1985.

### **Askja B-29**

*Bréfa- og málasafn 1984-1992.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Aukataxtar, kaup og útseld vinna, greinargerðir, 1984-1989 og 1989-1992.

Örk 2

LÍR. Frumrit og ljósrit: Bréf, fundir, námskeið, taxtar o.fl., 1985.

Mappa

LÍR. Fundir hjá Rafmagnsveitum ríkisins, RR. Fundargerðir og fylgigögn, 1985-1986.

### **Askja B-30**

*Bréfa- og málasafn 1985-1988.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

*Elektroinstallatørernes Landsforening ELFO*, bréf vegna Nordiska Elfederationen NEPU funda o.fl., 1985-1988.

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabók, fundir, samningar, nafnalistar, nám, dómsmál, norrænt samstarf, auglýsingar, teikningar o.fl., 1986.

### **Askja B-31**

*Bréfa- og málasafn 1986-1987.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

LÍR. Aðalfundur, dagskrá og fundargögn, 14.-15. nóvember 1986.

Örk 1

LÍR. Bréf, dagskrár, fundargerðir, nafnalistar, samningar, húsnæði, skýrsla til Hagstofu o.fl., 1986-1987.

Umslag

LÍR. Skipholt 29, afsal, skiptayfirlýsing, gagntilboð, kauptilboð, kaupsamningar, veðbókarvottorð, hlutafélagsskrá, minniðblöð, teikningar o.fl., 1986-1987.

### **Askja B-32**

*Bréfa- og málasafn 1986-1987.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Frumrit, bréf, fundir, fréttabréf, taxtar o.fl.

### **Askja B-33**

*Bréfa- og málasafn 1986-1993.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf, fundir, viðskiptayfirlit, reikningar, skattheimtuseðill, skemmtanir, nám, lagabreytingar, o.fl., 1986-1991.

Örk 2

LÍR. Húseignir. Skipholt 29a, kaup á húsi. Hólatorg 2, sala á húsi. Húseign aðildarféлага 70% skipting eignar. Söluumboð LÍR, skýrsla fyrir stjórn. Orlofsheimilasjóður LÍR skilagrein o.fl., 1986-1993.

Örk 3

LÍR. Frumrit, fréttabréf, taxtar o.fl., 1988.

Fundarboð, orðsendingar, skattar, taxtar, verðlistar, samþykktir, kjarasamningar o.fl.

### **Askja B-34**

*Bréfa- og málasafn 1988.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabók, fundir, samningar, skýrslur, norrænt samstarf, nemaskipti, námsskrár, taxtar, teikningar o.fl., 1988.

Mappa

LÍR. Aðalfundur, dagskrá og fundargögn, 21. og 22. október 1988.

### **Askja B-35**

*Bréfa- og málasafn 1988-1991.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Frumrit, bréf, fundir, kjaramál, lög, nafnlistar, leyfisveitingar, fréttabréf, teikningar o.fl., 1988 og janúar til desember 1989.



Örk 2

LÍR. Fax 3, bréf o.fl. sent með faxi, 1988-1991.

Hefti

*Samningur milli Landsambands íslenskra rafverktaka og Rafiðnaðarsambands Íslands um ákvæðisgrundvöll, gildir frá 27. apríl 1988.*

**Askja B-36**

*Bréfa- og málasafn 1989-1990.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

LÍR. Aðalfundur, dagskrá og fundargögn, 20.-21. október 1989.

Örk 1

LÍR I. Bréf og fylgiskjöl fundargerða, fundir, nafnalistar, nám, samningar, norrænt samstarf, dómsmál, o.fl., 1989.

Örk 2

LÍR II. Bréf og fylgiskjöl fundargerða, fundir, húseignir, taxtar o.fl., 1989-1990.

Örk 3

LÍR. Norges Elektroentreprenørforbund NELFO, bréf, *Utkast til NAPs sluttrapport vedrørende produktivitetsfremmende lønssystemer i Norden* o.fl., 1989.

**Askja B-37**

*Bréfa- og málasafn 1989-1990.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Ýmislegt: Bréf til og frá, árgjöld, endurskráning á vörumerki, dómsmál, veðbókarvottorð, kjaramál, bæklingar, auglýsingar, reikningar o.fl., 1989.

Mappa

LÍR. Aðalfundur, dagskrá og fundargögn, 26. október 1990.

**Askja B-38**

*Bréfa- og málasafn 1990.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Frumrit, bréf, fundir, samningar, nafnalistar, kjaramál o.fl., 1990.

Örk 2

LÍR. Bréf, fundir, nafnalistar, heimsókn til Samtaka breskra rafverktaka ECA, norrænt samstarf, eignaskiptasamningur Skipholt 29a, fyrirtækjalistar o.fl., 1. janúar til 19. desember 1990.

**Askja B-39**

*Bréfa- og málasafn 1990-1993.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf, fundir, félagsgjöld, samningar, umboðsmaður alþingis, tillögur, norrænt samstarf, o.fl., 22. október 1990 til 7. febrúar 1991.

Örk 2

LÍR. Löggilding Rafmagnseftirlit ríkisins RER, erlend vinnugögn, 1990-1992.

Örk 3

LÍR. Rafmagnseftirlit ríkisins RER, ný löggilding, innlend vinnugögn, 1990-1993.

### **Askja B-40**

*Bréfa- og málasafn 1991.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf, fundir, nafnalistar, norrænt samstarf, nám, samningar, dómsmál o.fl., 11. febrúar til 22. ágúst 1991.

Örk 2

LÍR. Frumrit, bréf, fundir, dómsmál o.fl., 1991.

### **Askja B-41**

*Bréfa- og málasafn 1991-1992.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf o.fl., 3. september 1991 til 30 apríl 1992.

Örk 2

LÍR. Bréf, fundir, vinna í Skipholti 29a og teikningar, norræn samvinna og ráðstefnur, nafnalistar, gjöld aðildarfélaga, kaup nema, taxtar o.fl., 1991-1992.

### **Askja B-42**

*Bréfa- og málasafn 1992-1993.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Bréf og fylgiskjöl með fundargerðabókum, fundir, norræn samvinna, lög um starfsmannamenntun, verkfæralistar, fyrirtækjalistar, kjaradeilur, febrúar til nóvember 1992.

Mappa

LÍR. Aðalfundur, dagskrá og fundargögn, 29.-30. október 1993.

Örk 2

LÍR. Rafmagnseftirlit ríkisins RER. Reglugerðarbreytingar: Bréf, fundir, verklagsreglur, orðsendingar, tillögur, reglugerðir, 1993.

### **Askja B-43**

*Bréfa- og málasafn 1993-1996.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. RER, ný löggilding, innlend vinnugögn, 1993.

Örk 2

LÍR. Löggildingar- og markaðsdeild Rafmagnseftirlits ríkisins RER, Samband íslenskra rafveitna SÍR, Rafmagnseftirlit ríkisins RR. Bréf, fundir, nafnalistar, minnisblöð, úttektir, tilkynningar, 1993-1994.

Örk 3

LÍR. Stjórnar- og framkvæmdastjórnarfundir, samningar o.fl., 1993-1996.

### **Askja B-44**

*Bréfa- og málasafn 1994*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Mappa

LÍR. Aðalfundur, dagskrá og fundargögn, 6.-7. maí 1994.

Örk 1

LÍR. Framkvæmda- og sambandsstjórnarfundir o.fl., 1994.

Örk 2

LÍR. Bréf, fundir, lög LÍR, kannanir, bæklingur FLRR 1927-1977, samþykktir, nafnalistar, Rafstaðlaráð, ályktanir, tilboð, afsal og eignskiptasamningur Rafiðnaðarskólinn og Ákvæðisvinnustofa rafiðna, dómsmál o.fl., 1994.

**Askja B-45**

*Bréfa- og málasafn 1994.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk

LÍR. Bréf 1, inn- út A- P, 1994.

Örk

LÍR. Bréf 2, inn- út R- Ö, 1994.

**Askja B-46**

*Bréfa- og málasafn 1994.*

*Landsamband íslenskra rafverktaka LÍR.*

Örk 1

LÍR. Fax 4, bréf o.fl., 1994.

Örk 2

